

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2017

- Rekstrartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 54,8 m€ og 96,8 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2016: 51,3 m€, 1H 2016: 95,2 m€)
- EBITDA nam 6,5 m€ á öðrum ársfjórðungi og 13,9 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2016: 8,6 m€, 1H 2016: 21,0 m€)
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var 1,9 m€ og á fyrri árshelmingi 5,7 m€ (2F 2016: 6,9 m€, 1H 2016: 12,5 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 6,7 m€ á fyrri árshelmingi (1H 2016: 7,1 m€)

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	2F2017	2F2016	1H2017	1H2016
Seldar vörur	54.817	51.285	96.813	95.236
Kostnaðarverð seldra vara	(46.141)	(41.358)	(79.252)	(71.544)
Vergur hagnaður	8.676	9.927	17.561	23.692
Aðrar tekjur	101	0	1.240	0
Útflutningskostnaður	(2.581)	(2.720)	(4.470)	(5.177)
Annar rekstrarkostnaður	(3.315)	(2.428)	(6.510)	(4.989)
Rekstrarhagnaður	2.881	4.779	7.821	13.526
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(1.062)	(373)	(1.525)	(691)
Áhrif hlutdeildarfélags	530	2.962	1.048	1.750
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.349	7.368	7.344	14.585
Tekjuskattur	(405)	(506)	(1.685)	(2.098)
Hagnaður tímabilsins	1.944	6.862	5.659	12.487
EBITDA	6.535	8.561	13.912	20.962

Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2017

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2017 námu 96,8 m€, samanborið við 95,2 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 13,9 m€ eða 14,4% af rekstrartekjum, en var 21,0 m€ eða 22,0% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,5 m€, en voru neikvæð um 0,7 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélags voru jákvæð um 1,0 m€, en voru jákvæð um 1,8 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 7,3 m€ og hagnaður tímabilsins var 5,7 m€.

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2017

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 490,1 m€ í lok júní 2017. Þar af voru fastafjármunir 402,2 m€ og veltufjármunir 87,9 m€. Eigið fé nam 238,3 m€, eiginfjárhlutfall í lok júní var 48,6%, en var 55,6% í lok árs 2016. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 251,8 m€.

Efnahagsreikningur 30.06.2017 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.06.2017	31.12.2016
Fastafjármunir	402.246	372.601
Veltufjármunir	87.869	77.447
Eignir samtals	490.115	450.048
Eigið fé	238.319	250.102
Langtímaskuldir	157.330	126.334
Skammtímaskuldir	94.466	73.612
Eigið fé og skuldir samtals.....	490.115	450.048

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 6,7 m€ á tímabilinu, en nam 7,1 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 36,4 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 31,7 m€. Handbært fé hækkaði því um 2,0 m€ á tímabilinu og var í lok júní 9,3 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2017	2016
	1.1.-30.06	1.1.-30.06.
Handbært fé frá rekstri	6.650	7.128
Fjárfestingarhreyfingar	(36.387)	(6.852)
Fjármögnunarhreyfingar	31.748	(296)
Lækkun á handbæru fé.....	2.011	-20
Handbært fé í lok tímabilsins.....	9.345	11.184

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri árshelming 2017 (1 evra = 116,87 kr) verða tekjur 11,3 milljarðar króna, EBITDA 1,6 milljarðar og hagnaður 0,7 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2016 (1 evra = 118,8 kr) verða eignir samtals 58,2 milljarðar króna, skuldir 29,9 milljarðar og eigið fé 28,3 milljarðar.

Skipastóll og vinnsla

Í lok júní gerði félagið út 8 fiskiskip, en ísfisktogarinn Engey RE-91 fór í sína fyrstu veiðiferð í lok ágúst. Akurey AK 10 kom til heimahafnar á Akranesi þann 20. júní síðastliðinn þar sem verið er að setja vinnslubúnað í skipið. Gert er ráð fyrir að síðasti ísfisktogarinn Viðey

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2017

RE-50 komi til landsins fyrir árslok. Á tímabilinu voru Ásbjörn RE-50 og Lundey NS-14 seld úr landi.

Félagið seldi frystitogarann Þerney RE-1 í ágúst og verður skipið afhent 15. nóvember 2017.

Á fyrri árshelmingi ársins 2017 var afli skipa félagsins 21 þúsund tonn af botnfiski og 57 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Botnfiskvinnsla á Akranesi mun sameinast botnfiskvinnslu félagsins í Reykjavík 1. september 2017.

Kynningarfundur þann 31. ágúst 2017

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 31. ágúst klukkan 8:30 í Marshallhúsinu á Grandagarði 20. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.